

Fundargerð
Stjórnarfundur nr.60

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í þjónustuhúsinu að Stekkjarvík, mánudaginn 19. janúar 2015, kl. 13.30.

Mætt voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson, Ólöf Harpa Jósefsdóttir, Fannar J. Viggósson og Margeir Friðriksson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál:
 - a. Reikningar 2013
 - b. Staða 2014
 - c. Áætlun 2015
3. Gjaldskrá
4. Aðalfundur
5. Staða og horfur í rekstri
6. Starfsmannamál
7. Framkvæmdir
 - a. Vélaskemma
 - b. Gasmál
 - c. Stækkun urðunarhólfs
8. Samstarf á Norðurlandi um úrgangsmál
9. Önnur mál

Eftir stutta skoðunarferð um urðunarhólfið setti formaður, Magnús B. Jónsson, fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð
2. Fjármál:
 - a. Reikningar 2013.

Margeir Friðriksson lýsti reikningum félagsins fyrir árið 2013. Rekstrartekjur voru kr. 126.046.932, rekstrargjöld kr. 64.115.102 og niðurstaða rekstrar kr. 37.309.985. Eigið fé kr. 64.727.332 og handbært fé í lok árs kr. 65.446.826. Stjórn félagsins samþykkti ársreikninginn, áritaði hann og vísaði til staðfestingar aðalfundar.



b. Staða 2014

Margeir fór yfir rekstrarlega stöðu síðasta árs. Rekstrartekjur hækka um 8,8% á milli ára. Fyrirliggjandi samantekt óafstemmd og því tók stjórn ekki sérstaka afstöðu til þeirra en gert er ráð fyrir að ársreikningur 2014 verði fyrirliggjandi innan fárra vikna.

c. Áætlun 2015

Margeir Friðriksson fór yfir drög að áætlun ársins 2015. Samþykkt að fara betur yfir nokkra rekstrar- og fjárfestingarliði og taka áætlunina fyrir á næsta fundi stjórnar.

3. Gjaldskrá

Samþykkt að stofna nýjan flokk fyrir sláturúrgang, „Áhættuflokk II“ og fella niður liðinn „aðstoð við losun gáma vegna frosts“. Afgreiðslu gjaldskrárinnar frestað til næsta fundar.

Ákveðið að halda fund með sláturhússtjórum á svæðinu um gjaldskrá og þurrefnisinnihald sláturúrgangs sem kemur til urðunar.

4. Aðalfundur

Ráðgert að halda aðalfund félagsins fimmtudaginn 26. febrúar næstkomandi kl. 13.00, í Menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði.

5. Staða og horfur í rekstri

Fannar J. Viggósson fór yfir stöðu og horfur í rekstri félagsins. Árin 2013 og 2014 er Eyjafjörður með um helming alls urðaðs úrgangs. Fannar kom fram með hugmynd um að grafa skurð vestan og norðan við urðunarhólfíð, til að stoppa fok úr hólfinu.


Húnaþing vestra hefur óskað eftir því að gera samning um urðun úrgangs frá og með 1. apríl næstkomandi. Magnús formaður sagði frá áhuga Mývetninga um að gera samning um urðun úrgangs og sama gæti átt við um önnur sveitarfélög í Þingeyjarsýslum.

Umræður um starfssvæði félagsins og samþykkt að til grundvallar urðun lægju fyrir samning milli aðila.

6. Starfsmannamál.

Fannar hefur með bréfi tilkynnt stjórn félagsins að hann sækist ekki eftir endurnýjun ráðningar eftir 30. júní 2015, er núverandi ráðningarsamningur fellur úr gildi.

Umræður urðu um starfsmannahaldið og að þörf sé á fjölgun starfa á urðunarstaðnum. Samþykkt að taka málið fyrir á næsta fundi stjórnar.



7. Framkvæmdir

a. Vélaskemma

Formanni falið að fá Gunnar Svavarsson , frá Eflu verkfræðistofu, til að staðsetja vélaskemmu, afla tilboða í skemmu og tilskilinna leyfa fyrir byggingu hennar.

b. Gasmál

Greinargerð frá Gunnari Svavarssyni væntanleg.

c. Stækkun urðunarhólfs

Samþykkt að fá Gunnar Svavarsson til að hefja undirbúning að stækkun urðunarhólfsins.

8. Samstarf á Norðurlandi um úrgangsmál

Ólöf Jósefsdóttir upplýsti að drög að svæðisáætlun væru væntanleg á næstu vikum.

Áætlunin nær ti 18 sveitaarfélagum og sagði Ólöf nokkuð frá vinnu verkefnisstjórnar við áætlunina.

9. Önnur mál

a. Rætt um heimasíðu félagsins

b. Fannar Viggósson lýsti þörf á öðru fjórhjólí á staðinn.

c. Farið yfir akstur stjórnarmanna á fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.25

Fundargerð ritaði Gísli Árnason